

1. mars 2019

## Kæri viðtakandi

Á næstunni mun starfsmaður Hagstofu Íslands hafa samband við þig símleiðis vegna rannsóknar á lífskjörum landsmanna.

### Lífskjararannsóknin

Tilgangur rannsóknarinnar er að mæla breytingar á lífskjörum yfir tíma hjá ólíkum hópum fólks. Niðurstöður rannsóknarinnar veita stjórnvöldum, fræðasamfélaginu, fjölmiðlum og almenningi traustar upplýsingar fyrir umræðu og ákvarðanatöku. Til að meta þróun lífskjara yfir tíma er haft samband við þátttakendur einu sinni á ári yfir fjögurra ára tímabil.

### Þú skiptir máli

Þú ert í hópi einstaklinga sem valdir hafa verið af handahófi úr Þjóðskrá til að taka þátt í rannsókninni. Með því að taka þátt tryggir þú að niðurstöður endurspegli reynslu þína og aðstæður til jafns við aðra. Til að niðurstöðurnar verði áreiðanlegar er mikilvægt er að allir svari, hvort sem þeir eru ánægðir eða óánægðir með lífskjör sín.

Miðvikudaginn XXX drögum við út vinningshafa að **25.000 kr. gjafakorti** úr hópi þeirra sem svara.

### Úrvinnsla og meðferð gagna

Hagstofan veitir engum upplýsingar um svör einstakra þátttakenda. Einungis verða birtar heildarniðurstöður úr rannsókninni og er fyllsta trúnaðar gætt við meðhöndlun allra upplýsinga. Nánari upplýsingar um trúnað, öryggi og persónuvernd má finna á slóðinni: **[www.hagstofa.is/personuvernd](http://www.hagstofa.is/personuvernd)**.

Helstu niðurstöður úr Lífskjararannsókninni eru birtar á heimasíðu Hagstofunnar á **[www.hagstofa.is/lifskjor](http://www.hagstofa.is/lifskjor)**.

Vakni spurningar varðandi þátttöku í rannsókninni er þér velkomið að hafa samband við Guðríði Helgu Þorsteinsdóttur í síma **528-1223**.

Virðingarfyllt,



Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri